



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Allsherjar- og menntamálanefnd
nefnasvid@althingi.is

Kópavogi, 20.3.2024

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), 722. mál

Útlendingastofnun hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd) og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Útlendingastofnun telur eðlilegt að orðalag 45. gr. verði breytt á þann hátt að það skýrlega taki einnig til kjörbarna. Það mætti til dæmis gera með því að bæta við orðunum „, þ.m.t. kjörbörn“ aftan við „börn hans“ í 1. másl. 2. mgr. 45. gr. laganna.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að aðstandendur handhafa viðbótarverndar öðlist ekki rétt til fjölskyldusameiningar skv. 45. gr. laganna fyrr en að tveimur árum liðnum. Frá þessu verði þó heimilt að víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæli með því vegna aðkallandi umönnunarsjónarmiða. Ráðherra verður svo heimilt að skýra nánar hvað það felur með sér í reglugerð. Stofnunin vekur athygli á því að nauðsynlegt er að ákvæðið sé eins skýrt og kostur er svo sem mest vísu ríki um túlkun og væntingar til breytinganna. Af athugasemdum við frumvarpið verður ráðið að ætlunin sé sú að aðeins sé veitt undanþága frá skilyrði um endurnýjun í afar fáum og sérstökum tilvikum. Ef ætlunin er að útfæra þessa breytingu nánar í reglugerð bendir stofnunin á að æskilegast væri að reglugerð tæki gildi samhliða breytingu á lögum.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til sambærilega breytingar á rétti aðstandenda fylgdarlausra barna til að sameinast barninu hér á landi. Aðstandendur fylgdarlausra barna fá viðbótarvernd munu því njóta ríkari réttar til fjölskyldusameiningar en aðstandendur annara handhafa viðbótarverndar. Útlendingastofnun hefur áður bent á að það geti reynst varhugavert að veita aðstandendum fylgdarlausra barna rúman rétt til fjölskyldusameiningar þar sem það hvetur til þeirrar háttsemi að senda börn eins síns liðs af stað til að leita verndar hér á landi með það að markmiði að fjölskyldan sameinist svo hér á landi, svokölluð akkerisbörn.

Útlendingastofnun leggur til að orðin „eða fjölskyldusameiningar skv. 72. gr.“ í upptalningu 3. mgr. 70. gr. laganna verði felld brott. Tillagan byggir á því að aðstandendur handhafa dvalarleyfa skv. 72. gr. hafa aldrei átt rétt til fjölskyldusameiningar skv. 69. gr. laganna og tilvísunin því markleysa. Eðlilegast væri að fella þetta brott þar sem tilvísunin er til þess fallinn að skapa rugling og réttaróvissu.

Virðingarfyllst,

Vera Dögg Guðmundsdóttir
F.h. Útlendingastofnunar